

Tillaga til 473. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 18. mars 2021

Tillaga frá 103. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar, sem fram fór þann 16. mars 2021, um að bæjarstjórn heimili að Aron Svanbjörnsson og Fanney Rósa Jónsdóttir fái lóðina Seljaland 18, Ísafirði, skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun. Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda er vísað til bæjarráðs.

11. Seljaland 18, Ísafirði. Umsókn um einbýlishúsalóð - 2021020131

Aron Svanbjörnsson og Fanney Rósa Jónsdóttir sækja um einbýlishúsalóð nr. 18 við Seljaland á Ísafirði.

Eins óska umsækjendur um að felld verða niður gatnagerðargjöld.

Fylgigögn er umsókn sem barst rafrænt 17. febrúar 2021 og mæliblað lóðar, ódagsett skv. gildandi deiliskipulagi frá 28. apríl 2011.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Aron Svanbjörnsson og Fanney Rósa Jónsdóttir fái lóðina Seljaland 18, Ísafirði skv. umsókn, með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

Ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda er vísað til bæjarráðs.